



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Stækkun þjónustusamnings við Vinnumálastofnun (VMST) vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd

Núgildandi þjónustusamningur vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd tók gildi 1. apríl 2021 og gildir til loka nóvember 2023. Með aðilaskiptum að samningnum tók Vinnumálastofnun yfir samningsskuldbindingar Útlendingastofnunar frá og með 1. júlí 2022. Samkvæmt 3. gr. samningsins tekur Reykjavíkurborg að sér að veita allt að 220 umsækjendum þjónustu í senn en ef nauðsynlegt reynist að fjölga umsækjendum er heimilt að gera viðauka um stækkun samningsins upp í allt að 300 umsækjendur.

Beiðni barst frá Vinnumálastofnun þann 23. nóvember 2022 þar sem óskað er eftir því að þjónustusamningur við Reykjavíkurborg um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd verði stækkaður úr 220 upp í 300 manns. Drög að viðauka þess efnis liggja nú fyrir og eru lögð fyrir velferðarráð til kynningar.

Forsaga:

Árið 2014 gerði Útlendingastofnun (ÚTL) samning við Reykjavíkurborg um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd en áður var það alfarið í höndum Reykjanesbæjar. Samningurinn tók gildi 1. janúar 2014 og tók Reykjavíkurborg að sér að veita allt að 50 umsækjendum þjónustu og búsetuúrræði í senn. Þá um vorið var samningurinn stækkaður upp í 70 einstaklinga. Sumarið 2015 fór fjöldinn upp í 90 og varð sú breyting gerð á að gert var ráð fyrir að Reykjavíkurborg tæki bæði við einstaklingum og a.m.k 5 fjölskyldum. Umfang þjónustunnar hefur vaxið ört síðan. Árið 2017 hljóðaði samningurinn upp á þjónustu við 200 einstaklinga. Gerður var nýr samningur árið 2019 um að þjónusta 220 einstaklinga og gildi sá samningur til ársloka 2020.

Á fundi velferðarráðs 2. desember 2020 var veitt heimild til að endurnýja þjónustusamning við ÚTL sem og veitt heimild í 3. gr. samningsins til að stækka þjónustusamninginn upp í 300 umsækjendur ef þörf væri á. Núgildandi samningur tók gildi 1. apríl 2021 og gildir til loka nóvember 2023 og hljóðar upp á þjónustu við 220 einstaklinga með stækkun samnings í huga ef þurfa þykir.

Þjónusta UAV-teymis

Teymið sem þjónustar umsækjendur um alþjóðlega vernd (UAV-teymi) er skipað starfsmönnum frá 6 þjóðríkjum með fjölbætta menntun og mismunandi bakgrunn og reynslu. Markmið teymisins er að veita umsækjendum sem besta þjónustu á meðan á umsóknarferlinu stendur, stuðla að vellíðan einstaklinga, valdefla þá og styrkja. Þjónustunni er skipt niður í ákveðna þjónustubætti; búsetuþjónusta, félagslega ráðgjöf, virkniráðgjöf og stoðþjónusta. Starfsmenn teymisins skipta með sér búsetuúrræðum /húsnæðisúrræðum og sinna hlutverki málstjóra fyrir vissan fjölda einstaklinga og fjölskyldna. Málstjórar hafa yfirsýn yfir þá þjónustu



sem einstaklingar og fjölskyldur fá, taka viðtöl, gera einstaklingsáætlanir, fara í heimavitjanir og sjá um samskipti og fundi við leik- og grunnskóla og það sem fellur til í hverju máli fyrir sig. Áhersla er lögð á að færa þjónustuna nær umsækjendum sem búa vítt og dreift um borgina í tæplega 60 íbúðum. Boðið er upp á opna viðtalstíma hjá starfsmönnum teymisins vikulega á eftirfarandi stöðum:

- Vesturmiðstöð
- Norðurmiðstöð
- Borgarbókasafnið Spönginni
- Félagsmiðstöðin Árskógum í Mjódd
- Félagsmiðstöðin Hraunbæ

Í opnum viðtalstímum er farið yfir hagnýt mál eins og réttindi og skyldur umsækjenda, þjónustu og stuðning teymisins, lækniþjónustu, samgöngur, virkniúrræði, hópastarf og fleira. Oftast er um viðkvæma einstaklinga að ræða sem eru í mikilli þörf fyrir félagslegan og sálfræðilegan stuðning. Umsækjendur eru hvattir til að nýta virkniúrræði sem eru í boði hjá Borgarbókasafninu, Rauða krossi Íslands og Hjálparstofnun kirkjunnar, sem og þá virkni sem hefur verið sérstaklega í boði fyrir umsækjendur í þjónustu hjá Reykjavíkurborg; íslenskukennsla, líkamsrækt, sundkort, vatnslitanámskeið fyrir konur með ung börn, tónslistarsmiðja í samstarfi við LHÍ, menningarkort, fótbolti og krikket. Við leggjum jafnframt áherslu á hópastarf og bjóðum upp á þátttöku í kvennahópum og karlahópum til að ræða um lífsins gagn og nauðsynjar sem og fræðslu um okkar samfélag. Einnig er boðið upp á streitustjórnunarnámskeið eða Self-Help Plus (SH+) sem var sett saman af Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni. Efnið er hugsað sérstaklega fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd og flóttafólk.

Stoðþjónusta er margþætt aðstoð við athafnir daglegs lífs inni á heimilum fólks og utan. Unnið er með að efla og styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust fólks með valdeflingu, virkja það og rjúfa félagslega einangrun. Einstaklingar fá aðstoð við innkaup og matseld, rætt er um mataræði og þar sem börn eru í fjölskyldum er lögð áhersla á holla og góða næringu. Þannig er reynt að styrkja foreldrafærni og efla lífsgæði.


Þegar COVID-19 faraldurinn skall á þurftu starfsmenn teymisins að hugsa upp á nýtt hvernig best væri að haga þjónustu og stuðningi. Sendar voru upplýsingar um smitvarnir og fleira í sms skilaboðum til þjónustuþega sem var fylgt eftir með samtölum. Leiðbeint var með sótthreinsun og frekari þríf í úrræðum og úthlutað var tækjum og efnum til hreingerninga. Auk þess var kennt á smitrakningar-appið. Einnig voru send skilaboð til þjónustuþega til að fá svörun við hvernig skilaboð starfsmanna nýttust þeim. Á þessum tíma voru 52 börn á aldrinum 4 til 12 ára í þjónustu teymisins og voru keypt púsluspil, litabækur og litir sem dæmi um aukinn stuðning. Þeir sem voru með undirliggjandi sjúkdóma fengu sérstaka hreinlætisþakka, auka handklæði og rúmfatnað.

Samstarfið við ÚTL og síðan VMST hefur verið með miklum ágætum þó smávægilegt rof hafi orðið við flutning þjónustuteymis frá ÚTL til VMST í tengslum við upplýsingagjöf og þjónustu en það stendur til bóta. Mikil vöntun hefur verið á húsnæði í Reykjavík að undanförunu og jafnframt mikil verðhækkun á leigu. Það hefur sett ákveðnar hömlur á viðbótarhúsnæði fyrir teymið. Eins eftir að breyting varð á að einstaklingar fá að vera í sex vikur til viðbótar í húsnæði eftir að hafa fengið réttarstöðu flóttafólks er erfiðara að losa húsnæðið og taka á móti nýjum notendum þjónustu vegna skorts á leiguíbúðum og hækkun á leiguhúsnæði. Það að stækka þjónustusamning við VMST og taka yfir húsnæði sem þeir hafa haft undir höndum hentar því mjög vel í árferði með erfiðan húsnæðismarkað, en húsnæði fyrir 100 flóttamenn, sem



Framkvæmdasýsla ríkisins er með á leigu á Hringbraut mun flytjast yfir til Reykjavíkurborgar með sérstökum samningi. Húsnæðið býður einnig upp á hópastarf í rúmgóðum rýmum sem gætu hentað í sameiginlega virkni og hópastarf en eins og fyrr segir er virkni eitt af lykilatriðum í vinnu með umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Myndin hér fyrir neðan sýnir fjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd í þjónustu Reykjavíkurborgar á tímabilinu 2018-2021.



Fylgiskjöl:

Viðauki um fjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd í þjónustu Reykjavíkurborgar – drög, janúar 2023.

Þjónustusamningur milli Útlendingastofnunar og Reykjavíkurborgar um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd frá 1. apríl 2021.